



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
7. árgangur
Júní 2005



Bls. 10



*Baráttudagur
verkalýðsins*

Bls. 20



*„Gefandi
starf en tók
oft mikinn
tíma frá fjöl-
skyldunni“*

Bls. 26



*Einn réttur
- ekkert
svindl!*



ÁN MSG

NÝJAR UMBÚÐIR

**Pylsurnar frá Goða eru sjóðheitar
hjá fólki á öllum aldri.**

GOÐI

-alltaf góður



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.
Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálpar-
efni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla
þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og
vilja lifa á heilsusamlegan hátt.

Skýr



NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA



Útgefandi: Eining-Iðja

Skipagötu 14
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:

Björn Snæbjörnsson

Umsjón, textagerð og prófarkalestur:

Fremri kynningarþjónusta,
Þórsstíg 4, Akureyri.
Sími: 461 3666 - Bréfasími: 461 3667.
Netfang: fremri@fremri.is

Þýðingar:

Andrea Sompit Siengboon og
Rafn Kjartansson

Auglýsingar:

P. J. auglýsinga- og markaðs-
þjónusta. Símar 566 8262 & 861 8262.
Bréfasími 566 8236.
Netfang: pj@pj.is

Forsíðumynd:

Í sól og sumaryl á Ráðhústorginu á Akureyri.
Mynd: Ásgrímur Örn Hallgrímsson.

Prentvinnsla:

Ásprent ehf.

Fjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða
hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

Skrifstofa Einingar-Iðju á Dalvík:

Ráðhúsinu. Sími: 466 1340
Bréfasími: 466 1041
Starfsmaður á skrifstofu er Guðrún
Skarphéðinsdóttir. runa@ein.is
Opð kl. 10-14 mánudaga, þriðjudaga,
fimmtudaga og föstudaga
og kl. 10-16 á miðvikudögum.

Skrifstofa Einingar-Iðju í Ólafsfirði:

Múlavegi 1. Sími 466 2318
Bréfasími 466 2681
Starfsmaður á skrifstofunni er Ágúst
Sigurlaugsson. gusti@ein.is
Opð kl. 9-12 þriðjudaga, miðvikudaga
og fimmtudaga.

Fulltrúi Einingar-Iðju í Hrísey

er Elísabet Jóhannsdóttir, sími 466 1744.

Fulltrúi Einingar-Iðju

í Grýtubakkahreppi

er Marsibil E, Kristjánsdóttir,
sími 463 3204.

Efnisyfirlit

- 6** Átt þú rétt á orlofsuppbót?
- 6** Láttu ekki plata þig!
- 7** Skrifað undir kjarasamning við Launaneftnd sveitarfélaga
- 8** Aðalfundur Einingar-Iðju
- 9** Viðurkenningar á aðalfundi Einingar-Iðju
- 10** Baráttudagur verkalýðsins
- 12** Margs konar styrkir veittir úr sjúkrasjóði
- 12** Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
- 14** Gómsætir réttir frá Suður-Taílandi
- 16** Saltfiskvinnsla á Grenivík
- 17** Lausar vikur í orlofshúsum
- 17** Afsláttur hjá Edduhótelum
- 18** Aðalfundur deilda Einingar-Iðju
- 20** Gefandi starf en tók oft mikinn tíma frá fjölskyldunni
- 23** ~~Guðrún Skarphéðinsdóttir~~ Eining-Iðja vinnur
- 24** To Eining-Iðja Union Members
- 25** Enn meiri afsláttur í Hvalfjarðargöngin
- 26** Einn réttur - ekkert svindl!
- 28** Stjórnir og nefndir starfsárið 2005-2006
- 29** Réttur launþega á því að fá launaseðla
- 30** Krossgátan



Hafnarstræti 92
Sími 462 1818
www.bautinn.is





Njóttu sumarsins!

Lóritín® – Kröftugt ofnæmislyf



Notkunarsvið: Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. **Varúðarreglur:** Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdóma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta.

Aukaverkanir: Lóritín þolast yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. **Skömmtun:** Ein tafla af Lóritíni er tekin daglega. Börnum 2-14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára.

Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04

 **actavis**
hagur í heilsu

Átt þú rétt á orlofsuppbót?



Eining-löjla vill minna félagsmenn sína á rétt sinn til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Samkvæmt kjarasamningnum skal starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og var í starfi í síðustu viku apríl eða fyrstu viku í maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, svokallaða orlofsuppbót. Jafnframt skal hér vakin athygli á því að upphæð orlofsuppbótar er mismunandi eftir samningum.

Samningar við Samtök atvinnulífsins

Starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt, með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og er í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, 21.800 krónur á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2005, miðað við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Fullt starf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfellt starf á orlofsárinu, skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hið sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs. Á orlofsuppbót greiðist ekki orlof.

Samningur við Samninganefnd ríkisins

Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður, sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu,

orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Orlofsuppbót á árinu 2005 er 21.800 krónur ef miðað er við fullt starf.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3ja mánaða/13 vikna samfellt starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var lengur frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

Orlofsuppbót í flatarmældri ræstingu ákvarðast af fermetrafjölda sem greiddur er tímabilið 1. júní til 30. apríl þannig að 833,33 fermetrar á mánuði teljast fullt starf og færri fermetrar reiknast hlutfallslega.

Samningur við Launaneftnd sveitarfélaga

Á miðnætti sunnudagskvöldið 29. maí sl. var undirritaður nýr kjarasamningur milli Starfsgreinasambands Íslands og Launaneftndar sveitarfélaga. Nýi samningurinn gildir frá 1. maí 2005 til 30. nóvember 2008. Um þessar mundir fer fram póstatkvæðagreiðsla og hvetur Eining-löjla alla félagsmenn sína til þess að nýta sér rétt sinn til að greiða atkvæði um þennan samning og eftir hana kemur í ljós hvort hann verður samþykktur. Ef félagsmenn samþykkja samninginn þýðir það m.a. að orlofsuppbótin rúmlega tvöfaldast eða í kr. 21.800 í ár, en í fyrra var upphæðin kr. 10.400.

Láttu ekki plata þig!

Að undanfögnu hefur Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður Einingar-löjlu, farið í alla tíundu bekk í Eyja-fjarðarvæðinu, dreift bæklingnum „Láttu ekki plata þig!“ og kynnt fyrir nemendum í hverju starf verkalýðsfélaga er fölgjð. Það er Starfsgreinasambandið sem gefur út bæklinginn, en hann er sérstaklega ætlaður ungu fölkum sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Í honum er í stuttu máli fjallað um réttindi og skyldur fölk á vinnumarkaði.

Með **rauða kverinu** býður verkalýðshreyfingin allt ungt fölk velkomið í hóp félaga sinna og heitir því líðsinni sínu og væntir einnig þátttöku ungs fölk í félagslegu starfi hreyfingarinnar. Meðal þess sem er að finna í bæklingnum er einfaldur minnislisti um réttindi og skyldur:

- Upplýsingar um kjaramál færðu á www.rettindi.is.
- Geymdu launaseðla þína. Með þeim getur þú sannað réttindi þín.
- Á launaseðlum kemur fram hvaða kaup þú hefur, hvaða orlofsfé þú átt og hvað hefur verið dregið af laununum í skatta, lífeyrissjóð og félagsgjöld.
- Kjarasamningar tryggja þér lágmarksrétt.
- Allir nýir starfsmenn eiga að gera skriflegan ráðningarsamning.
- Fyrir félagsgjaldið færðu þjónustu frá stéttarfélaginu.
- Þú getur sótt um að leigja orlofshús.
- Þú getur sótt um fræðslustyrk.
- Þú getur fengið aðstoð í veikindum.
- Þú átt að fá yfirlit um greiðslur í lífeyrissjóð.
- Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningum.
- Verktakar njóta ekki sama réttar og launafölk.
- Ef þú ert atvinnulaus mundu eftir að skrá þig.



Matthildur er hér í Oddeyrarskóla, að dreifa bæklingnum og pennum til krakkanna, áður en hún hóf kynninguna á starfi verkalýðsfélaga.



Skrifað undir kjarasamning við Launanefnd sveitarfélaga

Á miðnætti sunnudagskvöldið 29. maí sl. var undirritaður nýr kjarasamningur milli Starfsgreinasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaga eftir 13 daga samfelldar kjaraviðræður í húsakynnum ríkissáttasemjara. Nýi samningurinn gildir frá 1. maí 2005 til 30. nóvember 2008. Um þessar mundir fer fram póstatkvæðagreiðsla og hvetur Eining-löja alla félagsmenn sína til þess að nýta sér rétt sinn til að greiða atkvæði um þennan samning. Samninginn í heild er hægt að nálgast á skrifstofu félagsins og á heimasíðunni, www.ein.is. Frestur til að greiða atkvæði er til kl. 17:00 fimmtudaginn 16. júní nk. og verða úrslit kunngjörð í síðasta lagi kl. 15:00 föstudaginn 24. júní nk.

Mælir með að hann verði samþykktur

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, segir að það sé samdóma álit þeirra, sem unnið hafa að gerð þessa kjarasamnings og undirritað hann fyrir hönd Einingar-löju, að rétt hafi verið að skrifa undir samninginn og mælir með því að hann verði samþykktur. „Það eru mjög mörg góð atriði í þessum kjarasamningi og við teljum að við höfum náð mjög góðum samningi miðað við það sem menn hafa verið að gera í kringum okkur,” segir Björn og segir jafnframt að vert væri að benda á, að fátítt væri að gildistími nýs samnings byrji við enda þess gamla. „Gamli samningurinn rann út þann 30.

apríl sl. en nýi samningurinn gildir frá 1. maí sl. til 30. nóvember 2008.”

Ýmsar nýjungar

Í samningnum er kveðið á um fjórar launahækkanir. Upphafshækkun 1. maí 2005 er 4,24%, þá hækka laun 1. janúar 2006, 2007 og 2008 um 3% í hvert sinn. Auk þess hækka laun í júní 2006 að meðaltali um ríflega 2% vegna breytinga á tengingu starfsmats í launatöflu. Framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð fer í 11,5% og framlag starfsmanna lækkar úr 5% í 4%. Þá mun launagreiðandi greiða 2% í séreignarsjóð á móti 2% framlagi launamanns. Framlag launagreiðanda í fræðslusjóð rúmlega tvöfaldast og verður komið í 0,72% 1. janúar 2007.

Kerfisbreytingar

Nokkrar kerfisbreytingar felast í þessum samningum og er m.a. dregið úr vægi lífaldurshækkana í launatöflu en mikilvægi starfsaldurs hjá sveitarfélögum aukið. Einnig er lögð meiri áhersla á sí- og endurmenntun starfsmanna. Það starfsmatskerfi sem samningsaðilar tóku upp á síðasta samningstímabili verður áfram notað og það þróað á samningstímanum.



Það getur tekið á að semja um kaup og kjör.



Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður Opinberu deildar Einingar-löju, skrifar undir samninginn.



Lífsvál–lífeyrissparnaður Sparisjóðsins

Hvað langar þig að gera þegar þú hættir að vinna?

Láttu draumana rætast með Lífsváli

Helstu kostir Lífsvals

- Engin upphafspóknun
- Góð ávöxtun
- Sparnaður greiddur við örorku
- Sveigjanleg starfslok
- Sömu lífsgæði á efri árum
- Sparnaðurinn erfist



SPARISJÓÐUR
NORÐLENDINGA

til staðar fyrir þig

Miklar breytingar til betri vegar í rekstri félagsins

Sjötti aðalfundur Einingar-löju var haldinn á Akureyri miðvikudagskvöldið 27. apríl sl. Félagsmenn fjölmenntu á fundinn og í máli Björns Snæbjörnssonar, formanns félagsins, kom m.a. fram að miklar

breytingar til betri vegar væru í rekstri félagsins, en afkoma félagsins á síðasta ári var sú besta frá upphafi.

„Nú er enn komið að aðalfundi Einingar-löju. Mér finnst samt mjög stutt síðan við höldum síðasta aðalfund félagsins, líklega líður tíminn svona fljótt vegna þess að það er svo margt að gerast hjá okkur. Það er bjart yfir hjá okkur og við höfum væntingar til þess að næsta ár muni færa okkur meiri birtu og vonandi næga atvinnu því það er jú það sem við viljum,“ sagði Björn áður en hann fór yfir skýrslu stjórnar.

Hann nefndi einnig þá staðreynd að mjög væri horft til Einingar-löju sem langtum stærsta félagsins á landsbyggðinni ef um mál innan Alþýðusambandsins (ASÍ) eða Starfsgreinasambandsins (SGS) væri að ræða. „Þar með hefur ábyrgð okkar aukist og er það orðinn stór hluti af starfi formanns félagsins að taka þátt í því starfi sem því fylgir,“ sagði Björn, sem minntist jafnframt á það að í ár verða liðin 60 ár frá því að fyrsta skrifstofa verkalyðsfélaga á Akureyri var opnuð og einnig að á næsta ári hefur verið samfelld starfsemi hjá stéttarfélögum á Akureyri í hundrað ár.

Afkoma félagsins á síðasta ári var sú besta í sögu Einingar-löju, eins og áður segir. Hagnaður af reglulegri starfsemi félagsins varð tæplega 43 milljónir króna árið 2004 en árið á undan var hann rúmar 19 milljónir króna. Þá fengu 2.152 félagsmenn, sem er 43,7% allra félagsmanna, greiðslu úr einhverjum sjóðum félagsins, sem verður að teljast mjög gott.

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Þó urðu breytingar á tólf manna stjórn félagsins, vegna þess að formannskipti urðu í stjórn Svæðisráðs Ólafsfjarðar á árinu.

Stjórn Einingar-löju skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Matthildur Sigurjónsdóttir varaformaður, Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari og síðan formenn svæðisráðanna fjögurra, þær Elísabet Jóhannsdóttir, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Hafdis Kristjánsdóttir og Marzibil E. Kristjánsdóttir, og formenn deildanna fimm, þau Anna Júlíusdóttir, Eyþór Karlsson, Sigríður K. Bjarkadóttir, Valdimar Gunnarsson og Þorsteinn J. Haraldsson.

Á heimasíðu Einingar-löju, www.ein.is, er hægt að nálgast ársskýrsluna í heild sinni, sem inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikning félagsins.



Félagsmenn Einingar-löju fjölmenntu á aðalfund félagsins sem haldinn var 27. apríl sl.



Viðurkenningar á aðalfundi Einingar-löju

Á aðalfundi Einingar-löju, sem haldinn var miðvikudagskvöldið 27. apríl sl., voru sjö félagar sæmdir gullmerki Einingar-löju og tveir voru gerðir að heiðursfélögum. Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, sagði við tilefnið að allir sem hlutu viðurkenningu hafi unnið starf sitt af trúmennsku og óeigingirni. „Það hefur ekki verið sjálft að hæla sér af verkum sínum sem það þó hefði auðveldlega getað gert. Í þeirra huga var samstarfsfólkið og félagið ofar á blaði. Efst fyrst verkafólk á ykkur mikið að þakka fyrir ykkar óeigingjarna starf og viðurkenning sú sem ykkur er veitt í dag er mjög smá miðað við það sem þið hafið lagt af mörkum,“ sagði Björn.

Þeir sem hlutu gullmerki félagsins eru eftirtaldir:

Aðalheiður Þorleifsdóttir

Var lengi trúnaðarmaður hjá ÚA, sat í stjórn Verkalýðsfélagsins Einingar til fjölda ára og gegndi fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið í gegnum tíðina.

Auður Guðjónsdóttir

Var lengi trúnaðarmaður hjá ÚA, sat í trúnaðarráði í fjölda mörög ár og sinnti ótal trúnaðarstörfum fyrir félagið í gegnum tíðina.

Guðrún Benediktsdóttir

Var lengi trúnaðarmaður hjá Frystihúsi Dalvíkur og var ein af máttarstöðunum í starfi Dalvíkurdeildar Einingar, sat einnig í trúnaðarráði félagsins og sinnti fjölmörgum störfum í þágu félagsins.

Jón Laxdal Jónsson

Var lengi trúnaðarmaður hjá Mjólkursamlagi KEA, var í stjórn löju félags verksmiðjufólks í mörg ár og sinnti einnig öðrum störfum í þágu félagsins.

Karl Ásgeirsson

Var lengi trúnaðarmaður hjá Slippstöðinni, var í trúnaðarráði Verkalýðsfélagsins Einingar og sinnti einnig fjölmörgum öðrum störfum í þágu félagsins.

Kjartan Sumarliðason

Var lengi trúnaðarmaður á verksmiðjum Sambandsins, sat í stjórn löju félags verksmiðjufólks og sinnti einnig mörgum öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Unnur Björnsdóttir

Var trúnaðarmaður, sat í stjórn Verkalýðsfélagsins Einingar í mörg ár, var lengi formaður ferðanefndar félagsins og sá um þann þátt í mörg ár ásamt því að gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Þeir sem gerðir voru að heiðursfélögum í Einingu-löju eru:

Jóna Berta Jónsdóttir

Var lengi trúnaðarmaður bæði á verksmiðjum Sambandsins og á FSA. Hefur setið lengi í trúnaðarmannaráði og ýmsum nefndum og ráðum. Hún hefur verið fulltrúi félagsins í Mæðrastyrksnefnd Akureyrar og verið þar formaður um langt skeið. Hún hefur unnið þar mjög óeigingjarnt starf og hlotið mikla aðdáun samborgara sinna fyrir það.

Þorsteinn Jónatansson

Var starfsmaður stéttarfélaga á Akureyri í 25 ár og sat í stjórn fjölmargra félaga sem tengjast Einingu-löju. Hefur tekið saman mikil gögn er varða sögu allra stéttarfélaga sem eru undanfarar núverandi félags. Hann hefur verið manna fróðastur um málefni verkalýðsfélaga í Eyjafirði og með réttu verið uppfræðari þeirra sem nú eru í forustu félaga á svæðinu. Einnig hefur hann gegnt fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum fyrir verkalýðshreyfinguna.

Hér eru samankomnir þeir sem heiðraðir voru á aðalfundi Einingar-löju, ásamt formanni og varaformanni félagsins. Efri röð frá vinstri: Aðalheiður Þorleifsdóttir, Auður Guðjónsdóttir, Guðrún Benediktsdóttir, Jóna Berta Jónsdóttir, Þorsteinn Jónatansson, Jón Laxdal Jónsson, Karl Ásgeirsson og Kjartan Sumarliðason. Unnur Björnsdóttir var stödd í Bandaríkjunum og gat því ekki veitt gullmerki sínu viðtöku. Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður félagsins, og Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, krjúpa fyrir framan þau sem heiðruð voru.



Einn réttur - ekkert svindl

Fjölmargir tóku þátt í hátíðarhöldum stéttarfélaganna á Akureyri þann 1. maí sl. sem fóru fram með hefðbundnu sniði. Safnast var saman við Alþýðuhúsið í Skipagötu, en þaðan var lagt upp í kröfugöngu yfir að Borgarbíói undir leik Lúðrasveitar Akureyrar. Þar fór fram hátíðardagskrá að göngu lokinni og jafnframt var kvikmyndasýning í boði fyrir börnin. Að lokum var haldið í Alþýðuhúsið þar sem í boði voru kaffiveitingar.

Í Borgarbíói fluttu eftirfarandi ávarp: Hákon Hákonarson, formaður Félags málmíðnaðarmanna, flutti sameiginlegt ávarp verkalýðsfélaganna í Eyjafirði, sem í ár bar yfirskriftina: Einn réttur - ekkert svindl. Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, flutti ávarp þar sem hann fjallaði um atvinnu við Eyjafjörð. Bryndís Arnarsdóttir, forvarnafulltrúi Akureyrarbæjar, flutti ávarp þar sem hún fjallaði um heilsuefingu og átakið Einn, tveir og nú. Aðalræðu dagsins flutti Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, en umfjöllunar efni hans var samkeppnishæfni Íslands og réttlæti í samfélaginu.



Samstaða færir sigur.

Að venju var boðið upp á glæsileg skemmtiatriði. Stúlknaðór Akureyrarkirkju söng fyrir gesti sem mættu í Borgarbíói og Álftagerðisbræður tóku lagið, bæði í Borgarbíói og eins fyrir gesti sem komu í kaffi í Alþýðuhúsið.

1. maí ávarp stéttarfélaganna í Eyjafirði

„Stéttarfélög hafa sjaldan haft mikilvægara hlutverki að gegna en í dag, né hafa verkefni þeirra verið víðfeðmari.

Mikil brögð hafa verið að því að atvinnurekendur hafi notað ólöglegt erlent vinnuafli á undanförunum misserum og er það í beinu framhaldi af framkvæmdunum við Kárahnjúka.

Brýnt er að lög um útlendinga og réttindi þeirra verði samræmd um leið og sett verði lög um starfsmannaleig. Í þessum lögum verði kveðið á um að starfsfólk, sem ráðið er til vinnu hér á landi, taki laun eftir íslenskum kjarasamningum og njóti þeirra réttinda sem ríkja hér.

Ítalska verktakafyrirtækið Impreglio hefur sótt að kjörum, réttindum og aðbúnaði verkafólks á Kárahnjúka-svæðinu. Áhrifin frá Austurlandi breiðast síðan út og hefur fyrsta bylgjan þegar borist vítt um landið. Áhrifin koma fram í lækkun á kaupum og kjörum í byggingariðnaði og víðar. Ef orrustan við Kárahnjúka tapast, þá er



Hákon Hákonarson, formaður Félags málmíðnaðarmanna, flutti sameiginlegt ávarp verkalýðsfélaganna í Eyjafirði.

brautin rudd fyrir erlend stórfyrirtæki gegn veikburða stjórnkerfi hér á landi. Erlend stórfyrirtæki geta þá farið sínu fram gegn verkalyðshreyfingunni. Þess vegna má varnargarðurinn við Kárahjúka ekki bresta.

Gera verður þá kröfu til ríkisstjórnar landsins að hún sýni gott fordæmi þegar ríkið stendur í framkvæmdum og hafi ávallt hagsmuni þjóðarinnar í heild að leiðarljósi þegar ákvarðanir um framkvæmdir eru teknar, en láti ekki undirlægjuhátt gagnvart erlendu valdi endurtaka sig aftur og aftur eins og glögglega kom fram við ákvörðun um viðgerð á varðskipunum sl. vetur, og þótti þá fyrir löngu nóg komið af slíkum vinnubrögðum á þeim vettvangi.

Einnig verður að gera þá kröfu til stjórnenda Akureyrarbæjar að þeir fari eftir sínum eigin reglum sem byggjast á landslögum en brjóti þær ekki vísitandi ef þeir halda að þeir geti grætt einhverjar krónur á því. Nær væri að skipta við það fólk sem vill búa hér og greiða skatta til bæjarins.

Það eru ekki bara erlendir aðilar sem ber að varast. Hætturnar leynast víða.

Jafn réttur og jöfn tækifæri kvenna og karla til launa og starfa eru grundvallarmannréttindi.

Mikilvægt er að réttarstaða eldra fólks á vinnumarkaði verði bætt og tryggt að því verði ekki mismunað. Tryggja þarf réttindi og möguleika eldra fólks til starfsmenntunar og starfsþjálfunar til samræmis við aðra starfsmenn.

Hörð atlega bankanna að undanfögnu gegn Íbúðalánasjóði og þær raddir að hann eigi eingöngu að þjóna dreifbýlinu og þeim sem eiga undir högg að sækja, en láta bankana sjá alfarið um höfuðborgarsvæðið og önnur þéttbýlissvæði þar sem íbúðaverð er hátt, er hættuleg. Íbúðalánasjóður er sjálfbær sjóður sem aflar lánsfjármagns á markaði eins og bankarnir. Hann fær hagstæð lán í krafti stærðar. Verði honum gert að þjóna einvörðungu svæðum þar sem veð eru ótrygg þá munu vextir hans hækka og verða hærri en aðrir bjóða á markaði.

Tryggjum stöðu Íbúðalánasjóðs. Hann er í raun eina tryggingin fyrir því að vextir af íbúðalánum þjóti ekki upp því hann tryggir samkeppni á þessum markaði.

Þá ber að fagna því að réttur foreldra langveikra barna til launa var lagfærður í vetur en betur má ef duga skal. Stefna ber að því að réttur foreldra langveikra barna verði færður til samræmis við það sem best gerist á hinum Norðurlöndunum og að rétturinn nái til foreldra barna allt að átján ára aldri.

Til að takast á við mikilvæg verkefni hreyfingar launafólks verður hún að eiga sér sameiginleg sjónarmið og vettvang til að takast á við atvinnurekendur og stjórnvöld um stórmál okkar tíma. Við höfum á síðustu misserum hvað eftir annað staðið frammi fyrir slíkum stórmálum. Samþjökkun valds og fákeppni í íslensku atvinnulífi er orðin slík að hinn almenni neytandi og launamaður stendur mjög höllum fæti gegn stórfyrirtækjunum.

Góðir félagar.

Þó okkur greini á í ýmsum málum eigum við þó svo margfalt fleira sameiginlegt.

Tryggjum með órofa samstöðu að Íslandi verði aldrei stjórnað í andstöðu við íslenskt launafólk."



Gengið var fylktu liði frá Alþýðuhúsinu að Borgarbíói þar sem hátíðardagskráin fór fram.



Álftagerðisbræður tóku lagið, bæði í Borgarbíói og eins fyrir gesti sem komu í Alþýðuhúsið í kaffi.



Fjölmarginir kíktu í kaffi í Alþýðuhúsið.

Margs konar styrkir veittir úr sjúkrasjóði

Eitthvað hefur borið á því að félagsmenn átti sig ekki almennilega á því hvenær og eftir hvaða reglum þeir eiga rétt á greiðslu úr sjúkrasjóði félagsins. Því þykir rétt að upplýsa hér lauslega um reglurnar en að öðru leyti er fólki bent á að reglurnar er að finna í heild sinni á heimasíðu félagsins, www.ein.is. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar á skrifstofu Einingar-löju.

Markmið sjóðsins er að veita sjóðsfélögum Sjúkrasjóðs Einingar-löju fjárhagsaðstoð í veikinda- og slysatilvikum, ennfremur að taka þátt í útfararkostnaði. Sjóðsfélagar eru þeir sem greitt hafa, eða fyrir þá hafa verið greidd, iðgjöld til sjóðsins. Markmið sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar.

Dagpeningagreiðslur

Upphæð dagpeninga miðast við lágmarkslaun, eins og þau eru á hverjum tíma, í allt að sex mánuði. Til að njóta fullra bóta þarf viðkomandi bótaþegi að hafa unnið að minnsta kosti 1.800 klukkustundir samkvæmt viðmiðunartaxta dagvinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir veikindin eða slysið. Bætur fara stiglækkandi, sé um minni vinnu að ræða, og lækka um 2,5% fyrir hverjar 50 vinnustundir, sem skortir á 1.800, þar til komið er niður í 200 klst., en þá greiðast lágmarksbætur eða 20% af fullum bótum.

Rétt er að benda fólki á að sækja einnig um sjúkra-

dagpeninga til Tryggingastofnunar ríkisins en þó geta sameiginlegar greiðslur frá Einingu-löju og Tryggingastofnun aldrei numið hærri upphæð en viðkomandi hafði í laun.

Margs konar meðferðir endurgreiddar

Þeir félagar sem dvelja á endurhæfingarstöðvum SÁÁ eða sambærilegum stofnunum skulu fá greidda dagpeninga samkvæmt tilheyrandi vottorðum í allt að sex vikur á hverjum þremur árum miðað við almanaksárið. Þá er stjórn sjúkrasjóðsins heimilt að veita félagsmönnum styrk vegna sjúkraþjálfunar (50%) og/eða sjúkrannudds (50%). Að hámarki er greitt fyrir 18 skipti á hverju almanaksári. Einnig má nefna að sjúkrasjóðurinn endurgreiðir skoðunargjald við krabbameinsleit að hámarki 2.000 krónur á ári.

Útfararstyrkur

Við andlát félagsmanns er stjórn sjóðsins heimilt að greiða nánasta ættingja hans útfararstyrk að upphæð 80.000 krónur samkvæmt fyrirbyggjandi umsókn þar um, til að standa straum af útfararkostnaði. Vegna sjóðfélaga sem var í starfi fyrir andlát og greitt hafði verið af til sjúkrasjóðs félagsins, í að minnsta kosti síðustu sjö ár, eiga erfingjar rétt á fullum útfararstyrk. Hafi sjóðfélagsaðild verið skemmri, greiðist 1/7 af fullum styrk fyrir hvert ár, að sjö árum. Þá er heimilt að greiða útfararstyrk vegna sjóðfélaga sem ekki var á vinnumarkaði en var sjóðfélagi við starfslok og í að minnsta kosti sjö ár þar á undan.

Aðrir styrkir

Þegar alvarleg veikindi, slys eða dauðsfall ber að höndum eða aðrar óviðráðanlegar orsakir sem sjóðsstjórn metur til fjárhagslegs eða atvinnulegs tjóns fyrir heimili félagsmanns, skal sjóðsstjórn heimilt að veita viðkomandi heimili sérstakan styrk eftir nánari reglum hverju sinni að teknu tilliti til fjölskyldustærðar, aðstæðna og tekna eða bóta sem heimilið hefur frá öðrum. Til dæmis hafa verið veittir styrkir vegna veikinda barna, tæknifrjövgunar og augnaðgerða. Einnig hafa verið veittir styrkir vegna ferðakostnaðar til annarra landa.

Sjúkraíbúð

Eining-löja á eina sjúkraíbúð við Ljósheima í Reykjavík. Hún er ætluð til leigu fyrir félagsmenn sem þurfa að dvelja í höfuðborginni á meðan þeir leita sér lækninga. Íbúðin er leigð eftir því sem félagsmönnum hentar og er fólki þannig ekki bundið við að leigja í eina viku í senn heldur er hægt að leigja í tiltekinn dagafjölda.

Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs

Á aðalfundi Einingar-löju var sagt frá því að sjúkrasjóður hefði verið rekinn með rúmlega 10 milljón króna hagnaði á árinu 2004. Þetta er mikill viðsnúningur frá því árið 2002, en þá var hann rekinn með tapi upp á sjö og hálfa milljón króna. Alls fengu 1.083 félagar bætur og styrki úr sjúkrasjóði á síðasta ári, að upphæð rúmlega 36,5 milljón króna. Þetta þýðir að um 22% félagsmanna hafi fengið einhverja greiðslu úr sjúkrasjóði félagsins.

Á fundinum voru samþykktar breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs félagsins, m.a. þær að dagpeningar, miðað við 100% vinnu, hækka úr krónum 4.243 á dag í krónur 4.777 og að mánaðarlaun verða krónur 103.500. Um næstu áramót munu lágmarkslaun hækka í krónur 106.000 eða krónur 4.892 á dag. Þetta er með því besta sem gerist innan Starfsgreinasambands Íslands í dag, en með þessu eru félagsmönnum Einingar-löju alltaf tryggð lágmarkslaun úr sjúkrasjóði.

Breytingar þessar tóku gildi frá og með 1. maí sl.

Óskum félagsmönnum farsældar í leik og starfi





Patcharee
Srikongkaew.

Gómsætir réttir frá Suður-Thaílandi

Patcharee Srikongkaew, kölluð Pat, er frá Thaílandi en hefur búið á Íslandi í 14 ár. Hún starfar hjá Brimi, er félagi í Einingu-löðu og segist líka mjög vel að búa á Akureyri. „Það er að vísu mun kaldara hér en heima, þar sem er alltaf gott veður,“ segir hún. „Ég kom hingað í janúar 1991 og þá var alveg brjáláð veður. Ég hugsaði með mér, hvar er ég eiginlega? En þetta venst og hér er mjög gott að vera.“

Brim er mjög góður vinnustaður og þar á ég marga mjög góða samstarfsmenn. Ég er oft að gefa þeim uppskriftir, því það kemur oft fyrir að einhverjir koma til mín og spyrja hvort ég væri til í að gefa þeim uppskriftir af einhverjum góðum réttum.“

Pat var svo vinsamleg að deilda með lesendum blaðsins þremur uppskriftum frá heimalandi sínu. „Ég ákvað að velja rétti sem ekki eru mjög sterkir og því er þetta eitthvað sem allir eiga að geta borðað. Ég er frá Suður-Thaílandi og uppskriftirnar eru þaðan, en matargerðin er mjög misjöfn á milli landssvæða í Thaílandi.“

Svínasteik með grænni papriku

400 g svínakjöt
2 msk. olía
1/2 tsk. saxaður hvítlaukur
2 grænar paprikur, skornar í þunna strimla
1 tsk. vínedik
2 msk. kjúklingasoð
2 msk. hoisinsósa
salt og pipar
1 msk. kornsterkja, hrærð út í ofurlitlu af vatni

Aðferð:

1. Skerið svínakjöt í þunnar sneiðar og svo í mjóar ræmur. Hitið olíu á pönnu og setjið hvítlauk, papriku og kjötið á pönnuna. Steikið í eina mínútu og hrærið vel um leið eða hristið pönnuna af og til.
2. Hrærið út á pönnuna vínedikinu, kjúklingasoðinu og hoisinsósunni. Kryddið með salti og pipar eftir smekk og sjóðið í þrjár mínútur.
3. Hrærið kornsterkju saman við og látið sjóða. Um leið er hrært af og til þangað til æskilegri þykkt sósunnar er náð.

Steikt nautakjöt með mangóávexti

300 g nautakjöt
1 msk. þurrt sérrí
1 msk. sojasósa

1 tsk. kornsterkja
1/4 tsk. sykurl
1/4 tsk. pipar
1 stór mangóávöxtur
4 msk. olía
1 msk. rifin engiferrót
1 msk. rifinn vorlaukur

Aðferð:

1. Skerið kjötið í þunna bita. Blandið saman víni, soja-sósu, kornsterkju, sykri og pipar. Veltið kjötinu upp úr blöndunni og látið það liggja í henni í 20 mínútur.
2. Flysið mangóávöxtinn og skerið í 5 til 6 mm þykkar sneiðar.
3. Hitið pönnu við háan hita og setjið olíu á pönnuna þegar hún er orðin heit og látið hana hitna þar til hún fer að rjúka. Lækkið þá hitann og steikið kjötið ásamt engiferrótinni í 1 til 2 mínútur. Takið síðan kjötið af pönnunni.
4. Veltið mangósneiðunum upp úr heitri olíunni á pönnunni í örfáar sekúndur og setjið síðan kjötið á pönnuna. Hrærið í nokkrar sekúndur. Berið fram strax.

Kjúklingasalat

Þetta er mjög sérstakur réttur sem upplagt er að bjóða sem forrétt.

2 kjúklingabringur
1 meðalstór agúrka

Sósa
4 msk. hnetusmjör
2 tsk. sesamolía
1 tsk. sykurl
salt
1 msk. kjúklingasoð

Aðferð

1. Sjóðið kjúklingabringurnar í vatni á pönnu í 30 mínútur. Skerið þær svo í strimla.
2. Skerið agúrkuna í sambærilega strimla eins og gert var við kjúklinginn og dreifið agúrkustrimlunum á stóran disk. Leggið kjúklingastrimlana ofan á.
3. Hrærið saman hnetusmjöri, sesamolíu, sykri, salti og soði af kjúklingabringunum. Hellið sósunni jafnt yfir kjúklingakjötið og berið fram.

Óskum félagsmönnum farsældar í leik og starfi

Landflutningar
samskip.is **SAMSKIP**

B&T **BLIKK- OG
TÆKNIDJÓNUSTAN hf.**
Sími 462 4017

vn **Verkfræðistofa
Norðurlands ehf.**
www.nm.is

FROST
www.frost.is

H **HAGSMÍÐI**
Glerárgötu 3b • Símar: 461 2545

 **Sparisjóður Höfðhverfinga**
Ægissíðu 7 601 Grenivík
Sími: 463-3160 Fax: 463-3217

Blómabúðin
AKUR
KAUPANGI V/MÝRARVEG

PENNINN **BÓKVAL**
Hafnarstræti 91 - 93 • Sími 461 5050 • Fax 461 5051
www.penninn.is

Höldur ehf.
www.national.is

KJARNAFÆÐI
www.kjarnafoedi.is

ÁSBYRGI - flóra
Frostaötu 2a, 603 Akureyri, sími 462 3280 & 461 1155

Flytjandi
EIMSKIP
www.flytjandi.is

JMJ *Herradeild*
Gránufélagsgötu 4
Sími 462 6200

 **SAMHERJI HF**
samherji.is

 **impra nýsköpunarmiðstöð**
iðntækniatíðun

 **spól**
SPARISJÓÐUR ÓLAFSFJARDAR
spol.is

 **GRÝTUBAKKAHREPPUR**
www.grenivik.is

B **BLIKKRÁS HF**
Óseyri 16, Akureyri



Óseyri 2
Sími 460 4477

 **RAFÍÐNAÐARSKÓLINN**

 **Sparisjórur Svarfdal - Dalvík**
R h si V S mi: 460 1800 V www.spar.is/dalvik/

**VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF**
- þar sem tryggingar snúast um fólk

Gledilegt sumarið okkar ábyrgð!

www.vis.is

**VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF**
- þar sem tryggingar snúast um fólk

Saltfiskvinnsla á Grenivík

Þann 18. október 2004 hóf Brim saltfiskvinnslu í frystihúsinu á Grenivík, sem starfrækt hefur verið frá því um 1990. Tíðindamaður Einingar-löjblaðsins leit við á Grenivík nýlega og settist niður með trúnaðarmanni starfsmanna í saltfiskvinnslnni, Guðbjörgu Herberts, og tók hana tali.

Guðbjörg flutti til Grenivíkur árið 1989 og er búin að vinna af og til í frystihúsinu frá því á árinu 1990. „Það hafa átt sér stað gríðarlegar breytingar frá því að þetta var starfrækt sem frystihús,“ segir Guðbjörg. „Hér var



Vinnslustöð Brims á Grenivík.



Guðbjörg, sem er lengst til vinstri á myndinni, segir að góður andi sé í saltfiskvinnslnni og greinilega er hægt að gefa sér tíma til að brosa.



Um 20 manns vinna í saltfiskvinnslu Brims á Grenivík.

snyrting, þökkun og svoleiðis, en nú vinnum við bara saltfisk. Þetta er allt annað, vinnan er erfiðari en mér finnst samt ekkert síðra að vinna hérna eftir breytingarnar. Hér er yfirleitt góður andi og gott samstarfsfólk sem ég er að vinna með. Það þekkjast líka allir svo vel hérna, þannig að hér er gott að vinna og menn virðast almennt vera sáttir. Ég vona bara að þetta gangi svona áfram því það hefur verið stöðug vinna um tíma.”

Í dag vinna um 20 manns í saltfiskvinnslnni, en við breytinguna fækkaði starfsmönnum um sex. „Það voru sex útlendingar sem unnu hérna í frystihúsinu en við breytinguna fluttust þeir allir til Akureyrar og fengu vinnu hjá Brimi. Þau bjuggu á Grenivík og fyrst um sinn keyrðu þau á milli en svo fengu þau íbúð í bænum. Við fórum líka sjö konur og unnum í landvinnslnni á Akureyri um tíma, alveg fram að jólum, á meðan vinnslan var að fara í gang hérna.”

Það hefur gengið mjög vel síðan breytingin varð, en Guðbjörg segir að það komi nú stundum fyrir að hráefnið mætti vera meira. „Það er ekki alltaf alveg full vinna, því þegar það veiðist enginn stór fiskur þá skortir auðvitað hráefni. Fiskarnir verða að vera í vissri stærð til að þeir séu nýtanlegir í vinnsluna hjá okkur. Hráefnið sem við erum að vinna kemur auðvitað af Brim-skipunum, en einnig er verið að kaupa fisk á markaði. Sá saltfiskur sem við erum að vinna er aðallega seldur á Portúgal,“ segir Guðbjörg og bætir því við aðspurð að hún hafi alla tíð verið sölgin í saltfisk. „Ég hef alltaf verið gráðug í saltfisk. Ég vandist því í æsku að fá bollur úr saltfiski og saltfiskbúðing, nú eða þá bara að fá hann soðinn í bitum og þar sem maðurinn minn gerir út trillu þá á ég alltaf fisk. Ég hef nú ekki enn prufað að elda hann á portúgalska vísu, en það er aldrei að vita hvað verður.”

Fés

„Við höfum líka verið að vinna svokölluð fés, sem er gert úr hausunum, svona til að fylla upp í vinnsluna. Þetta er saltað og víst herramannsmatur, þó ég hafi ekki smakkað þau ennþá.”

Á Grenivík hafa loðnuhrogn verið unnin í gegnum árin og segir Guðbjörg að í ár hafi saltfiskurinn verið „settur í salt“ á meðan! „Í byrjun mars vorum við að vinna loðnuhrogn sem koma frá Krossanesi. Hér er þeim pakkað og svo eru þau fryst. Þetta er búið að vera í gangi í nokkur ár og ég held að þeir fái svo mikið fyrir hrognin að við munum sennilega vinna þau um ókomin ár á þessum tíma.”

Lítið leitað til mín

Aðspurð um það hvort mikið væri leitað til hennar sem trúnaðarmanns sagði Guðbjörg að það væri alveg voðalega lítið gert af því. „Það er bara hið besta mál og sýnir að starfsfólkið hér er ánægt.”

Lausar vikur í orlofshúsum

Nú er lokið síðari úthlutun orlofshúsa hér innanlands á vegum Einingar-löðu og enn eru lausar vikur á flestum svæðum sem í boði eru. Í ár er boðið upp á fleiri orlofshús en áður á Illugastöðum og því eru flestar vikurnar sem enn eru lausar á því svæði, en einnig eru til stakar vikur víðsvegar um landið.

Eining-löða vill hvetja félagsmenn sína til að kanna hvað enn er laust og skella sér í orlofshús í sumarfríinu.

Danmörk

Einnig eru nokkrar vikur lausar í orlofshúsinu sem Eining-löða og Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu, hafa á leigu í Danmörku. Þegar þetta er ritað

er laust fram til 18. júní og vikurnar 25. júní til 2. júlí og 20. ágúst til 27. ágúst.

Nánari upplýsingar um lausar vikur eru veittar á skrifstofu Einingar-löðu, Skipagötu 14 á Akureyri, í síma 460 3600 eða í netfanginu sigrun@ein.is



Afsláttur hjá Edduhótelum

Á skrifstofu Einingar-löðu er hægt að kaupa miða sem gilda í gistingu á Edduhótelunum nú í sumar, að andvirði kr. 4.200. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt. Ekki er innifalinn morgunverður.

Ekki verður dregið frá punktainneign félagsmanna vegna þessara greiðslumiða og því er hér um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótélanna

fyrir sumarið 2005 á slíkt herbergi að kosta kr. 6.800.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelunum sem eru 15 hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu, en hótelin bjóða gistingu ýmist í herbergjum með handlaug eða með baði og sum hvorutveggja. Á Edduhótelunum er boðið upp á fjölbreyttar veitingar.



Vertu á verði

Í verslunum eiga allar vörur að vera verðmerktar, hvort sem þær eru inni í verslun eða í búðarglugga.

Hjá þjónustufyrirtækjum eiga verðskrár að liggja frammi á áberandi stað.

SAMKEPPNISSTOFNUN



Aðalfundir deilda Einingar-löðu



Aðalfundir allra deilda Einingar-löðu voru haldnir fyrirhluta mars sl. Fimm deildir eru innan félagsins og verður hér á eftir sagt lítillega frá hverjum fundi fyrir sig. Á bls. 28 og 29 eru birtir listar yfir allar stjórnir og nefndir starfsárið 2005-2006 og því er hér aðeins sagt frá breytingum sem urðu í stjórnun deildanna, en ekki frá því hverjir eiga sæti í stjórnun þeirra.

Opinbera deildin

Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður deildarinnar, fór yfir það helsta sem gerðist á liðnu starfsári. Í máli hennar kom m.a. fram að haldnir voru tveir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar. „Aðalástæðan fyrir því að ekki voru haldnir fleiri stjórnarfundir er sú að mjög margir fundir hafa verið haldnir í tengslum við kjarasamningagerð og hreinlega ekki gefist tími til að halda fleiri fundi,” sagði Sigríður.

Fjöldmennasta deildin

Í Einingu-löðu eru 4.925 aðalfélagar, þar af eru um það bil 1.330 í Opinberu deildinni. Fram undir þetta hefur matvæladeildin verið fjöldmennasta deildin í félaginu, en nú er hins vegar svo komið að Opinbera deildin er orðin stærri. Umsvif sveitarfélaganna á svæðinu eru alltaf að aukast og þá fjölgar í Opinberu deildinni.

Sigurlaug Rögnvaldsdóttir gaf ekki kost á sér í stjórn fyrir næsta ár og voru henni þökkud vel unnin störf í þágu deildarinnar og félagsins í heild. Í stað hennar sem varamaður kom inn Laufey Kristjánsdóttir sem starfar í Valsárskóla.

Haukur Þorsteinsson hjá Vinnueftirliti ríkisins flutti erindi um einelti. Hann fór yfir reglugerð sem tók gildi í lok árs 2004. Miklar umræður urðu um erindið og hvað einelti getur gert mikinn skaða þeim sem í því lenda og einnig kom fram að það kemur öllum við ef einelti er á vinnustað viðkomandi.

Matvæladeild

Formaður deildarinnar, Anna Júlíusdóttir, flutti skýrslu stjórnar þar sem kom m.a. fram að ýmis mál voru tekin til umfjöllunar á þeim fimm stjórnarfundunum sem voru haldnir frá síðasta aðalfundi. Til dæmis varð mikil umræða um námskeiðahald og fyrirtækjabreytingar, svo sem þegar Útgerðarfélag Akureyringa varð að Brimi ehf.

Ekki lengur stærst

Nú eru um það bil 1.200 félagar í Matvæladeildinni. Eins og fram kom hér á undan þá hefur matvæladeildin verið fjöldmennasta deildin í félaginu, en nú er Opinbera deildin orðin stærri en með um það bil 1.330 félaga. „Þetta er þó ekki vegna þess að það sé fækkun í matvælageiranum, heldur eru umsvif sveitarfélaganna á svæðinu alltaf að aukast,” sagði Anna.

Fjölbreytt starfsemi

Anna fór aðeins yfir starfsemina í matvælaíðnaðinum í

Eyjafríði og fjallaði í stuttu máli um nokkra vinnustaði á hverjum stað fyrir sig, þ.e. í Ólafsfirði, í Dalvíkurbyggð, í Hrísey, á Grenivík og á Akureyri. Hún sagði í lokin að allt mögulegt annað mætti telja upp og vildi taka fram að bjart virðist vera framundan í hennar deild.

Þrír stjórnarmenn gefa ekki kost á sér í stjórn fyrir næsta ár, það eru þau Ingibjörg Torfadóttir, Ingimar Harðarson og Stefán Benjamínsson og þakkaði Anna þeim sérstaklega fyrir vel unnin störf í þágu deildarinnar og félagsins í heild. Í stað þeirra komu ný inn í stjórnina þau Geir Óskarsson, Birna Harðardóttir og Sigríður Jósepsdóttir.

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, fjallaði ítarlega um nýjar leiðir í fjármögnun húsnæðis og afleiðingar breyttrar stefnu bankanna í lánamálum. Einnig fór hann yfir skattbreytingar þær sem ríkisstjórnin hefur verið að boða og sumar komnar til framkvæmda. Þá fór hann líka yfir áhrif jaðarskatta.

Mjög góður rómur var gerður að erindinu og töldu menn að þær upplýsingar sem Ólafur kom með væru öllum nauðsynlegar og í raun ætti að upplýsa fólk betur í fjölmiðlum um þá kosti og galla sem eru í tilboði bankana. Einnig voru menn sammála því að Íbúðalánasjóður væri kjölfestan í lánakerfum til íbúðarkaupa, sérstaklega á landsbyggðinni.

Þjónustudeild

Formaður deildarinnar, Valdimar Gunnarsson, flutti skýrslu stjórnar þar sem kom m.a. fram að haldnir voru þrír stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar. Um það bil 660 félagar eru í Þjónustudeildinni og sagði Valdimar að þjónustugeirinn væri erfiður af ýmsum ástæðum. Til dæmis vegna þess að þar viðgengst heilmikill verktakabransi og einnig vegna þess að fólk stoppar oft mjög stuttan tíma á vinnustaðnum, þar sem vinnan er oft á kvöldin og um helgar þegar fólk vill vera heima með fjölskyldunni. „Þannig má segja að ungt fólk veljist frekast í þessa vinnu áður en það stofnar heimili og fjölskyldu. Þetta unga fólk er ekki farið að læra á vinnumarkaðinn og finnst það oft ekki skipta svo miklu máli,” sagði Valdimar.

Stjórnarkjör

Stjórn deildarinnar er óbreytt frá fyrra ári með þeirri einu undantekningu að Snorri Kristjánsson kom inn sem varamaður í stað Elínar Skarphéðinsdóttur.

Þorsteinn Pétursson lögreglumaður og Valur Magnússon rannsóknarlögreglumaður fjölluðu um fíkniefnavandann. Erindi þeirra var mjög fróðlegt og var almenn



Mjög góður rómur var gerður að erindi Ólafs Darra, hagfræðings ASÍ, sem hann flutti á aðalfundi Matvæladeilda.



Haukur Þorsteinsson hjá Vinnueftirliti ríkisins flutti erindi um einelti á aðalfundi Opinberu deildarinnar og lagði mikla áherslu á hve miklum skaða einelti getur valdið.



*Borsteinn Pétursson lögreglu-
maður og Valur Magnússon
rannsóknarlögreglu maður fluttu
erindi um fíkniefnavandann á
aðalfundi þjónustudeildar.*

ánægja með það. Fram kom að fíkniefnaneysla er síst minni á Eyjafjarðarsvæðinu en á öðrum stöðum á landinu og að það dragi ekki úr henni. Einnig kom fram í máli þeirra að yngri krakkar væru að leiðast út í neyslu. Þeir töluðu um að nauðsynlegt væri að starfsfólk á veitingahúsum fengi meiri fræðslu um þessi mál og rætt var um að það þyrfti að koma slíku í gang. Að erindi loknu urðu miklar og líflegar umræður um þessi mál á meðal fundargesta.

Iðnaðardeild

Eypór Karlsson, formaður Iðnaðardeildarinnar, flutti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár þar sem m.a. kom fram að þrír stjórnarfundir voru haldnir frá síðasta aðalfundi Iðnaðardeildarinnar. 575 félagar eru í Iðnaðardeildinni og sagði Eypór að deildin mætti muna sinn fífil fegri. „Það eru auðvitað fleiri en ein skýring á því, en sú veigamesta er að hluti af okkar fólki er nú í öðrum deildum félagsins, svo sem í Matvæladeildinni. Hún fékk allt okkar fólk í Norðlenska, Norðurmjólk og Vífílfelli. Önnur aðalástæðan er að eins og allir muna hefur ekki orðið nein smá fækkun á fólki í „verksmiðjunum“ á Gleráreyrum,“ sagði Eypór.

Stjórnarkjör

Tveir stjórnarmenn gáfu ekki kost á sér í stjórn fyrir næsta ár. Það voru Mónica Steingrimsdóttir, og var henni þakkað fyrir vel unnið starf í þágu deildarinnar, og



*Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri
Atvinnuþróunar-
félags Eyjafjarðar,
fór yfir stöðu mála
varðandi stóriðju
á Norðurlandi á
aðalfundi Iðnaðar-
deildar.*

svo var Þórhildur Sigurjónsdóttir að hætta á starfsvettvangi deildarinnar og gaf því ekki kost á sér áfram. Hún hefur verið í deildarstjórninni alveg frá upphafi og notaði Eypór tækifærið og þakkaði henni alveg sérstaklega fyrir hennar störf í þágu deildarinnar og félagsins í heild og færði henni fallegan blómvönd. Í stað þeirra komu Friðrik Þór Valsson og Björn Jónsson inn í stjórnina.

Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, fór yfir stöðu mála varðandi stóriðju á Norðurlandi. Fram kom að horfur á álmarkaði væru góðar og það væri mikill áhugi hjá álfyrirtækjum um að koma og reisa álver, þetta

væri alvöru áhugi ekki sýndarmennska. Hann fór yfir kosti hinna ýmsu staða á Norðurlandi og ræddi sérstaklega um lóðina á Dysnesi. Hann fór einnig yfir stöðu mála varðandi álþynnuverksmiðjuna, þar sem slagurinn stendur um hvort verður reist í Kanada eða á Akureyri. Það mun ráðast nú í vor. Ef af verður gæti verksmiðjan verið komin í gagnið eftir rúmt ár og gæti skapað allt að 100 manns atvinnu.

Mjög fjörugar umræður urðu um erindið og voru fundarmenn sammála um að það væri ekkert vit í því að ef álver kæmi á Norðurlandi, sem góðar líkur eru á, að það kæmi annars staðar en við Eyjafjörð. Deilur um aðra staði en Eyjafjörð væri einungis til að skemma fyrir því að það kæmi. Fjöldinn væri hér og þjónustan.

Tækja-, flutninga- og byggingadeild

Borsteinn J. Haraldsson, formaður deildarinnar, flutti skýrslu stjórnarinnar fyrir síðasta starfsár, þar sem m.a. kom fram að um það bil 550 félagar væru í deildinni og að þrír stjórnarfundir voru haldnir frá síðasta aðalfundi deildarinnar.

